



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVÍK ART MUSEUM
KJARVALSSTAÐIR • HAFNARHÚS • ÁSMUNDARSAFN

Listasafn Reykjavíkur fagnar skólahópum á öllum aldri, námskeiðahópum eða vinnuhópum sem vilja koma í safnið án leiðsagnar en mælir þó með því að slíkir hópar láti vita af komu sinni með góðum fyrirvara í síma 590 1200 eða gegnum netfangið fraedsludeild@reykjavik.is

Hópar þurfa að fylgja ákveðnum reglum sem gera heimsóknina bæði öruggari og ánægjulegri fyrir alla. Vinsamlegast farið yfir safnareglur með hópnum áður en haldið er inn á safnið. Hópastærð miðast að hámarki við 25–30 einstaklinga í sýningarsal í einu. Ætlast er til að kennarar eða leiðbeinendur fylgist vel með hópnum allan tímann og ábyrgist hegðun hans og háttarlag í safninu. Starfsmenn safnsins áskila sér rétt til þess að vísa einstaklingum út úr safninu ef háttarlag telst stefna verkum í sýningarsölum eða öðrum safngestum í hættu. Ágætt er að miða við að einn fullorðinn sé til staðar fyrir hverja 10 krakka.

SAFNAREGLUR

- Allar töskur, bakpokar, regnhlífur og yfirhafnir þarf að geyma í fatahengi eða læstum skápum á meðan heimsókn stendur
- Allt matarkyns og lausir munir eru ekki leyfðir í sýningarsölum
- Óásættanlegt öskur, hlaup og ærslagangur í sölum er ekki leyfilegt
- Það má ekki snerta listaverk nema það sé sérstaklega tekið fram
- Það má ekki halla sér upp að listaverkum, stöplum eða veggjum inn í sýningarsölum
- Góð regla er að standa einn meter frá listaverkunum og virða þau fyrir sér
- Pennar og túsulitir eru ekki leyfðir í sýningarsölum en blýantar og blöð eru leyfð ef skissuvinna er hluti af heimsókninni
- Ef annar hópur er í safninu á sama tíma með safnkennara hefur sá hópur forgang
- Myndatökur eru leyfðar án flasss
- Virða ber allar ábendingar starfsfólks safnsins tafarlaust

Með fyrirfram þökk fyrir samvinnuna og góða skemmtun.